

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 28. nóvember 2008

Ný lög um höft á fjármagnsflutningum

Laust fyrir klukkan fimm í nótt samþykkti Alþingi ný lög sem gera Seðlabankanum kleift að takmarka verulega fjármagnsflutninga til og frá Íslandi næstu tvö árin. Aftur á móti er kveðið á um að öll höft sem tengjast inn- og útflutningi verði að fullu afnumin. Áform um áframhaldandi takmarkanir á útstreymi fjármagns eru í takt við það sem við mátti búast, en alveg síðan aðgerðaáætlun IMF var kynnt hefur legið fyrir að einhverskonar takmarkanir yrðu á fjármagnstengdum gjaldeyrisviðskiptum þótt krónunni yrði fleytt.

Engu að síður eru lögin og þingleg meðferð fumvarpsins gagnrýnisverð. Ljóst er að lögin eru mjög íþyngjandi fyrir íslenskt efnahagslíf og í fljótu bragði virðast þau mun víðtækari en samkomulag ríkisstjórnar og IMF gefur tilefni til. Viðskiptaráð hefur ætíð barist fyrir frjálsum fjármagnsflutningum og almennu viðskiptafrelsi. Lög þessi skerða viðskiptafrelsi íslenskra fyrirtækja og einstaklinga svo um munar.

Viðskiptaráð mun tjá sig nánar um þessi nýju lög í byrjun næstu viku.

Fundur vegna útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja

Viðskiptaráð Íslands boðaði til blaðamannafundar í hádeginu í dag í tilefni af útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja. Leiðbeiningarnar eru samvinnuverkefni Viðskiptaráðs Íslands, Nadsaq OMX Ísland og Samtaka atvinnulífsins og eru þær byggðar á sambærilegum reglum frá Efnahags- og framfarastofnun (OECD), en þó aðlagar að íslensku umhverfi.

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs og formaður starfshóps um gerð leiðbeininganna, setti fundinn og lýsti aðdraganda útgáfunnar og mikilvægi leiðbeininganna í ljósi stóraukinna umsvifa hins opinbera. Í máli sínu lagði Finnur áherslu á mikilvægi leiðbeininga af þessu tagi í breyttu umhverfi atvinnulífsins þar sem hlutverk hins opinbera hefur fengið aukið vægi. Nú sem aldrei fyrr hefði íslenskt viðskiptalíf umtalsverða hagsmuni af því að opinber fyrirtæki og hið opinbera tileinkuðu sér bættu stjórnarhætti. Mikilvægt væri að samkeppni yrði ekki raskað og að gagnsæi í starfsemi opinberra fyrirtækja yrði tryggt.

Nokkur fjöldi var viðstaddur, þeirra á meðal Þórður Friðjónsson forstjóri Kauphallarinnar, Finnur

Sveinbjörnsson forstjóri Nýja Kaupþings, Valur Valsson stjórnarformaður bankaráðs Nýja Glitnis, Ásmundur Stefánsson, stjórnarformaður Nýja Landsbankans, auk fulltrúa frá Samtökum atvinnulífsins og Fjármálaráðuneytinu.

Í kjölfar kynningar Finns tók Þórður Friðjónsson til máls og fagnaði útgáfu leiðbeininganna og sagði þær mikilvægt framtak. Sagði hann mikilvægt að núverandi umsvif hins opinbera verði eingöngu tímabundin, mikilvægt sé að koma opinberum fyrirtækjum á markað og í hendur einkaaðila. Taldi hann leiðbeiningar af þessu afar mikilvægar enda til þess fallnar að efla fagleg vinnubrögð og auka gagnsæi. Ásmundur Stefánsson stjórnarformaður nýja Landsbankans og Valur Valsson stjórnarformaður Nýja Glitnis þökkðu báðir framtakið. Þá tilkynnti Valur að leiðbeiningarnar yrðu hafðar til hliðsjónar við mótun starfsreglna Nýja Glitnis. Fjármálaráðuneytið lýsti yfir mikilvægi leiðbeininganna og þakkaði sérstaklega fyrir framtakið.

Glærur frá kynningu Finns má nálgast [hér](#). Leiðbeiningar um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja má nálgast [hér](#). Einnig er hægt að nálgast leiðbeiningarnar á skrifstofu Viðskiptaráðs gegn vægu gjaldi.

Í starfshópi þeim er samdi reglurnar sátu: Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, (formaður), Þórður Friðjónsson forstjóri NasdaqOMX Ísland, Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Þorgeir Eyjólfsson, forstjóri Lífeyrissjóðs Verzlunarmanna og Erlendur Magnússon, framkvæmdastjóri.

Nánari upplýsingar veitir [Haraldur I. Birgisson](#) hjá Viðskiptaráði Íslands í síma 510-7100.